

Dalabyggð  
Þórður Már Sigfússon  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 11. ágúst 2020  
UST202007-038/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Iðjubraut í Búðardal - Dalabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og athafnasvæði við Iðjubraut í Búðardal í Dalabyggð.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði I3 og nyrsta hluta athafnasvæðisins A1 sem er samtals 3,5 ha að stærð. Svæðið er nyrst í byggðinni, austan Vesturbrautar, og í deiliskipulaginu verða afmarkaðar lóðir, settir byggingarskilmálar og gerð grein fyrir götum, bílastæðum o.fl.

#### **Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands á <https://serstokvernd.ni.is/>. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess fram komi í greinargerð að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að verði talin brýn þörf á mótvægisáðgerðum vegna votlendis og/eða vistgerða sem kunna að tapast verður farið í endurheimt votlendis en sveitarfélagið á land nokkru norðar og þar eru skurðir sem mætti fylla upp í ef þurfa þykir. Auk þess kemur fram að allt óþarfa rask ber þó að forðast.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hver umhverfisáhrif tillögunnar verða á votlendið.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Vistgerðir og umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýrvist og lyngmóavist á láglendi sem eru með mjög hátt og miðlungs verndargildi og eru á lista Bernarsamningssins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Einnig kemur fram að á slíkum svæðum er fuglalíf jafnan ríkulegt. Auk þess kemur fram að stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru þrátt fyrir að gróður verði fyrir áhrifum vegna jarðrasks vegna bygginga og vegagerðar.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrif tillögunnar verða staðbundin við skipulagssvæðið og telur stofnunin tillöguna hafa neikvæð áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu þar sem gróðri og búsvæðum fugla verður raskað með byggingun, vegum, plönum og öðrum þáttum sem fylgja uppbyggingu athafna- og iðnaðarsvæða. Umhverfisstofnun telur það jákvætt, sem kemur fram í tillögunni, að ávallt skuli gætt að því að spilla gróðri og þar með vistgerðum sem minnst við framkvæmdir.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson  
sérfræðingur